

UMBODSMAÐUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík
Sími: 510 6700 • Grænt nr: 800 6450 • Mynds: 510 6701
Heimasiða: www.umbodsmadur.is

Reykjavík, 30. apríl 2021

Svandís Svavarsdóttir
heilbrigðisráðherra
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Ég vísa til fyrri samskipta vegna fyrirspurnar umboðsmanns Alþingis um aðgerðir stjórnvalda og reglur á landamærum um sýnatöku og sóttkví, sbr. tilvísun ráðuneytisins: HRN21040080/06.50.01.

Breytingar voru gerðar á sóttvarnalögum nr. 19/1997 22. apríl sl. auk þess sem ný reglugerð tók gildi frá og með 27. apríl sl., sbr. reglugerð nr. 435/2021, um sóttkví og einangrun og sýnatöku við landamæri Íslands vegna COVID-19. Með lagabreytingunum var ráðherra meðal annars veitt tímabundin heimild til að skylda ferðamenn sem koma frá eða hafa dvalið á tilteknun svæðum að dvelja í sóttkví eða einangrun í sóttvarnahúsi, sem nánar er útfært í framangreindri reglugerð.

Í 5. gr. reglugerðar nr. 435/2021 er fjallað um sóttvarnahús. Þar segir í 1. mgr. að ferðamanni sem skyldt er að sæta sóttkví og komi frá eða hafi dvalið í meira en sólarhring á síðastliðnum 14 dögum á hááhættusvæði skuli dvelja í sóttkví eða einangrun í sóttvarnahúsi en sóttvarnalækni sé heimilt að veita undanþágur frá því. Þá segir í 2. mgr. ákvæðisins:

„Einstaklingur, sem gert er að sæta sóttkví og á ekki samastað á Íslandi eða getur af öðrum sökum ekki eða vill ekki einangra sig í húsnæði á eigin vegum, sem uppfyllir skilyrði 7. gr. og leiðbeiningar sóttvarnalæknis, sbr. fylgiskjöl 1 og 3, skal dvelja í sóttkví í sóttvarnahúsi og lúta þeim reglum sem um það gilda í þeim tilgangi að aðskilja sig frá öðrum til að koma í veg fyrir hugsanlega útbreiðslu COVID-19. Sama gildir um einstaklinga í sömu stöðu sem gert er að sæta einangrun, sbr. 1. mgr. 10. gr.“

Þá er í 11. gr. mælt fyrir um að brot gegn reglugerðinni varði sektum eða fangelsi samkvæmt 19. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997 eða 175. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Í ljósi framangreinds og skýringa ráðuneytisins verður að ganga út frá því að einstaklingar sem dvelja í sóttvarnahúsi geti verið frelsissviptir í samræmi við skilgreiningar OPCAT-eftirlitsins sem umboðsmaður hefur með höndum, sbr. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis. Þar er gengið út frá þeirri skilgreiningu að frelsissvipting felist í hvers konar haldi eða fangelsun eða færslu einstaklings í gæsluaðstöðu, opinbera eða á vegum einkaaðila, þar sem hann er ekki frjáls ferða sinna, samkvæmt fyrirmælum yfirvalds á sviði réttarfars eða stjórnsýslu eða annars yfirvalds, sbr. 2. mgr. 4. gr. valfrjálsrar bókunar við samning Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

Meðal þess sem athuganir umboðsmanns Alþingis beinast að við eftirlitið er aðbúnaður á þeim stöðum þar sem frelsissviptir einstaklingar dvelja og þá hvort sá aðbúnaður sé í samræmi við lög og reglur um mannúð og mannvirðingu, sbr. 3. mgr. 10. gr. laga nr. 85/1997. Í þeim viðmiðum sem hafa mótað á grundvelli OPCAT-eftirlitsins, meðal annars fyrir tilstilli nefndar Evrópuráðsins um varnir gegn pyndingum (CPT-nefndarinnar), hefur verið lögð rík áhersla á að frelsissviptir einstaklingar, meðal annars þeir sem dveljast á lokuðum deildum heilbrigðisstofnana, hafi tök á að njóta útiveru með einhverjum hætti, að minnsta kosti í eina klukkustund á dag, ef ástand þeirra leyfir. Sjá meðal annars skýrslu CPT-nefndarinnar eftir heimsókn til Íslands árið 2012, *Report to the Icelandic Government on the visit to Iceland carried out by the European Committee for the Prevention of Torture and Inhuman or Degrading Treatment or Punishment (cpt) from 18 to 24 September 2012*, 73. málsg. Þá er í þessu samhengi sérstaklega hugað að stöðu barna við slíkar aðstæður og lögð áhersla á mikilvægi þess að þau hafi möguleika á útivist á hverjum degi.

Í skýringum ráðuneytisins til umboðsmanns, dags. 14. apríl sl., kemur fram að í sóttvarnahúsum verði, þar sem því verður viðkomið vegna sóttvarnaráðstafana, boðið upp á útiveru. Slík útivera sé háð annarri umferð um hótelið og öðrum aðstæðum sem geti sett sóttvarnaráðstafanir í uppnám. Sömu reglur gildi um barnafjölskyldur og aðra en miðað sé við að börn fái forgang til útiveru ef til forgangsröðunar þurfi að koma. Reynt verði að koma til móts við þarfir þeirra hvað varðar leikföng og útveru, sbr. d-lið 3. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 375/2021.

Í ljósi framangreinds og þeirra breytinga sem hafa orðið á stöðu þessara mála frá því að svör ráðuneytisins bárust er þess óskað, með vísan til 7. gr. laga nr. 85/1997, að umboðsmaður verði upplýstur um hvort og þá með hvaða hætti lagt var mat á framangreind sjónarmið um aðbúnað og útivist við val á þeim sóttvarnahúsum sem nú eru í notkun. Þá er þess óskað að nánari skýringar verði gefnar á því hvort og þá með hvaða hætti hugað er að aðstöðu einstaklinga sem dvelja í sóttvarnahúsum og með hvaða hætti tryggt er að boðið sé upp á útiveru, sérstaklega fyrir börn, á meðan á vistun stendur. Einnig nánar um hvaða atriði eða atvik það eru sem kunna að koma í veg fyrir að unnt sé að tryggja útivist.

Þess er óskað að svör og eftir atvikum gögn sem varpa ljósi á framangreind atriði berist ekki síðar en 21. maí nk.

Virðingarfyllst,

Kjartan Bjarni Björgvinsson